



**ORKUSTOFNUN**

**Verkefnauppgjör Vatnamælinga gagnvart  
Orkubúi Vestfjarða árið 1994**

**Kristinn Einarsson,  
Árni Snorrason,  
Helgi Gunnarsson**

**Greinargerð KE-ÁSn-HG-95-05**



## **VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA GAGNVART ORKUBÚI VESTFJARÐA ÁRIÐ 1994**

### **INNGANGUR**

Greinargerð þessi tengist beint fyrri greinargerð KE/ÁSn/HG-95/01, sem inniheldur verkefnauppgjör Vatnamælinga fyrir árið 1994. Tilgangur hennar er að gera frekari grein fyrir stöðu vatnamælingaverka fyrir Orkubú Vestfjarða.

### **1. SKIPTING VINNUTÍMA OG KOSTNAÐAR HJÁ ORKUBÚI VESTFJARÐA 1994**

Grunntölur samstarfssamnings OS og OV frá 1989-10-20 í fylgiskjali frá í október 1991, sem lagt var fyrir á fundi samningsaðila 1992-06-26, gera ráð fyrir 350 útvinnustundum (á 1.444.135 kr.) og 546 innivinnustundum (á 1.164.787 kr.). Að ósk OV var settur upp vatnshæðarmælir í Húsdalsá í ágúst 1992, og bætast við 106 útvinnustundir (á 437.367 kr.) og 78 innivinnustundir (á 166.398 kr.) vegna hans. Alls er hér um 1.080 vinnustundir að ræða á kr. **3.212.687**, allt reiknað á einingarverði ársins 1994.

Fyrirframgreiðslur Orkubús Vestfjarða á árinu 1994 vegna framangreinds eru kr. **2.399.686** (sjá töflu 4 í greinargerð KE/ÁSn/HG-95/01). Raunverulegt vinnuframlag er 585,4 klst. í útvinnu og 368,3 klst. í innivinnu, alls 953,7 klst., að upphæð kr. **3.201.054**, en til uppgjörs koma kr. **801.368**.

Framangreindar upphæðir eru allar án VSK.

Rétt er að fram komi, að jafnframt því sem lögð hefur verið áhersla á að auka afköst og skilvirkni í rekstri vatnshæðarmælakerfisins á Vestfjörðum, hafa nokkur viðbótarverkefni verið unnin í samráði við OV, og snúa þau að kvörðun virkjana og dýptarmælingu stöðuvatna. Reynt hefur verið að halda sig innan ramma heildartímafjölda í samningi OS og OV þrátt fyrir þessi aukaverk. Á árinu 1994 var t.d. unnið að kortlagningu Hundsvatns, Rjúkandivatns, Vestara Hvanneyrarvatns, Eystra Hvanneyrarvatns, Miðdalsvatns og Tröllárvatns.